



VEITU- OG FRAMKVÆMDANEFND HRUNAMANNAHREPPS

8. fundur Veitu- og framkvæmdanefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022-2026 haldinn mánudaginn 26. ágúst 2024 kl. 15:30 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Mættir eru: Bjarney Vignisdóttir, formaður, Jón Bjarnason, Ævar Eyfjörð Sigurðsson, Daði Geir Samúelsson og Kolbrún Haraldsdóttir. Auk þeirra sátu fundinn þau Hannibal Kjartansson (HK), veitustjóri, Gunnþór K. Guðfinnsson (GKG), yfirmaður eignasjóðs, þjónustumiðstöðvar og úrgangsmála og Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Hér var gengið til dagskrár:

- Verkfundargerðir nr. 25, 26 og 27 v. Kerlingartanga/Byggð á Brikum.**
Fundargerðirnar eru lagðar fram til kynningar.
- Verkfundargerðir nr. 2 og 4, fráveituframkvæmdir Akurgerði, Gröf, Hofatún.**
Fundargerðirnar eru lagðar fram til kynningar.

Hér mætir Guðmundur Hjaltason (GH), frá Eflu, mætir á fundinn og fer ásamt starfsmönnum yfir liði nr. 2, 3 og 4.

- Staða hönnunar húsnæðis fyrir Heilsugæslu Uppsveitanna**

GH fór yfir stöðu hönnunar húsnæðisins sem er að mestu lokið.

Nefndin þakkar GH fyrir góða yfirferð yfir verkefnið og fagnar því að verkefnið skuli vera á áætlun.

- Framkvæmdir við Flúðaskóla og staða verkefna Vörðufells**

Gluggaskipti ganga vel sem og framkvæmdir við endurnýjun fráveitulagna á kennslugangi. Aðrar framkvæmdir eru í vinnslu.

Nefndin telur mikilvægt að gengið sé vel frá þeim atriðum sem rædd voru á fundinum og fagnar um leið þeim úrbótum sem gerðar hafa verið á kennslugangi og gluggum og vonar að framkvæmdum við þak og glugga ljúki sem fyrst.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "DAS", "EFS", "CME", and "JC".

5. Vatnsveita Blákvísl – Umræða um stöðu og framhald verkefnisins

GH fór yfir mögulega lagnaleið frá Blákvísl og þá valkosti sem sveitarfélagið stendur frammi fyrir varðandi vatnsmagn og mögulega nýtingu vatns í uppsveitinni og á Flúðum. Nefndin samþykkir að leggja til við sveitarstjórn að málið verði unnið áfram með það fyrir augum að framkvæmdir geti hafist á næsta ári. Stefnt verður að sérstökum fundi nefndarinnar um málið fyrir fjárhagsáætlunargerð ársins 2025.

6. Málefni Kópsvatns og Flúðaorku – drög að kostnaðarútreikningi v. skilju lagður fram.

Rætt um forsendur til nýtingar á heitu vatni frá virkjuninni og niður að Flúðum. Nefndin samþykkir að leggja til við sveitarstjórn að ráðist verði í framkvæmdir við afgangun heita vatnsins með gerð skilju við virkjunina á Kópsvatni, þar með verður hægt að nýta heitt vatn þaðan eins og gert var ráð fyrir í samningum um virkjun við Kópsvatn. Áfram verður unnið í samræmi við það markmið að kostnaðarskipting verksins verði til helminga á milli Hitaveitu Flúða og Baseload Iceland. Viðauki vegna kostnaðar Hitaveitu Flúða verður lagður fram þegar nánari kostnaðaráætlun liggur fyrir.

7. Ársreikningur Hrunaljóss – lagður fram.

Ársreikningurinn lagður fram og kynntur. Nefndin samþykkir reikninginn og undirritaði hann.

8. Staða verkefna sem í gangi eru og framvinda frá síðasta fundi

Rætt um eftirfarandi framkvæmdir sem eru á dagskrá ársins 2024. GKG og HK gerðu grein fyrir stöðu einstakra verkefna:

Brú yfir Hellisholtalækinn: brúin er tilbúin en uppsetning hefur tafist. GKG gerði grein fyrir stöðu verksins en brúin mun verða tilbúin í september.

Framkvæmdir við íþróttahús: framkvæmdir eru í fullum gangi við innréttingu líkamsræktar og sjúkrahjálfunar í rýminu sem áður hýsti kennslustofur í myndmennt og handmennt sem og skólaselið. Framkvæmdir ganga vel, ákveðið var að fjarlægja milliloft í rýminu sem gerir það mun bjartara og betri en annars hefði orðið. Stefnt er að því að framkvæmdum ljúki í október.

Framkvæmdir á kennslugangi: Framkvæmdum er að mestu lokið. Nú þarf steypa að þorna svo hægt sé að leggja dúk á ganginn. Enn á eftir að ganga frá skápum og innréttingum. Búið er að skipta um gólfefni í tölvustofu og unnið er að frágangi við gluggana.

Gluggaskipti, Flúðaskóla: búið er að skipta um glugga í skólanum og unnið er að frágangi við glugga að utanverðu.

Endurbætur á skólalóð: jarðvegsvinnu er lokið og beðið er eftir malbiki sem væntanlegt er á allra næstu dögum. Farið verður í uppsetningu leiktækja í september og munu starfsmenn fyrirtækisins Jóhanns Helga ehf, sjá um það sem og frágang á svæðinu. Girðingar í kringum fótbolta- og körfuboltavöll hafa verið pantaðar og verða vonandi settar upp í september.

Leikvöllur í norðurbænum: staðsetning hefur verið ákveðin við enda Ásastígs og búið er að kaupa leiktæki sem eru nýkomin til landsins. Fyrirtækið Jóhann Helgi ehf mun sjá um uppsetningu og frágang á svæðinu sem mun eiga sér stað í september.



Framkvæmdir á gámasvæði: Unnið er að endanlegri hönnun svæðisins. Beðið er eftir verðum í forsteyptar einingar fyrir ramp á gámasvæðinu en búið er að teikna upp rampinn sem verður 8 gáma. Kurlarinn er á leiðinni á staðinn þannig að hið mikla magn trjáúrgangs sem safnast hefur saman á staðnum ætti þar með að minnka og þar með yrði til efni í manir í kringum svæðið.

Skáli, Svínárnesi: Guðmundur Hjaltason hjá Eflu ehf hefur tekið að sér hönnun skálans með það fyrir augum að skálinn verði boðinn út og að hægt verði að nýta teikninguna við endurnýjun annarra skála á svæðinu.

Salerni við fótboltavöllinn: salernisgámurinn hefur verið settur upp í suðvestur horni fótboltasvæðisins. Unnið er að tengingu en enn vantar heimtaug frá Rarik.

Tungufellsdalur: búið er að hefла og tæta veginn inn að afréttargirðingu. Verkefnið tókst vel og almenn ánægja með framkvæmdina.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:08.

Bjarnny Vignisdóttir
Rannveig Sigurðsson



Dóti Geir Samúelsson
KOLBRUNN HARALDSDÓTTIR

Aldi Halldórsson

Guðmundur Guðsson

Hannibal Freyðasson